



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 32. fundur skipulags-
, umhverfis -og umferðarnefndar Blönduós bæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 12. júlí 2017
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Bjarni Þór Einarsson, Skipulagsfulltrúi
Þorgils Magnússon, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason,

Brynja Birgisdóttir boðaði forföll og engin varamaður mætti í hennar stað.

Dagskrá:

- 1. Aðalgata 8 Endurnýjaður lóðarleigusamningur - 1707013**
Gera þarf nýjan lóðarleigusamning fyrir Aðalgötu 8. Þorgils Magnússon leggur fram drög að nýjum lóðarleigusamningi.
Nefndin samþykkir nýjan lóðarleigusamning.
- 2. Hlíðarbraut 19. Endurnýjaður lóðarleigusamningur - 1707011**
Gera þarf nýjan lóðarleigusamning fyrir Hlíðarbraut 19. Þorgils Magnússon leggur fram drög að nýjum lóðarleigusamningi.
Nefndin samþykkir nýjan lóðarleigusamning.
- 3. Hlíðarbraut 21. Endurnýjaður lóðarleigusamningur - 1707012**
Gera þarf nýjan lóðarleigusamning fyrir Hlíðarbraut 21. Þorgils Magnússon leggur fram drög að nýjum lóðarleigusamningi.
Nefndin samþykkir nýjan lóðarleigusamning.
- 4. Arnargerði 33 - Fyrirspurn um viðbótarlóð - 1707010**
Hestaleigunni Galsa vantar viðbótargerði fyrir hestaleiguna. Sótt er um leyfi til að setja gerði upp fyrir utan lóð eins og meðfylgjandi loftmynd sýnir. Gerðið þarf að vera um 13x18m að stærð.
Nefndin hafnar erindinu þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi svæðisins.



5. Húnabraut 33 - Umsókn um að reisa minnismerki - 1705045

Erindinu var frestað af síðasta fundi nefndarinnar. Hugmyndir eru um að reisa minnisvarða um mjólkurvinnslu á Blönduósi á lóð Húnabrautar 33 (áður MS). Minnisvarðinn verður "strokkur" sem áður var í notkun í mjólkurstöðinni. Staðsetning er í suðausturhorni lóðarinnar. Meðfylgjandi er teikning af staðsetningu og útliti ásamt mynd af svipuðu minnismerki við MS á Selfossi.

Nefndin samþykkir erindið og að staðsetningin verði í samráði við byggingarfulltrúa.

6. Ámundakinn ehf. - Umsókn um byggingarleyfi - 1611001

Ámundarkinn ehf. sækir um byggingarleyfi til að reisa þjónustuhús fyrir mjólkurbíla MS að Hnjúkabyggð 34. Meðfylgjandi eru aðaluppdráttur gerður af Magnúsi Ingvarssyni byggingafræðingi dagset 28. júní 2017 en prentað 11. júlí 2017. Teikninganr. A100-A104 í verki nr. 773702.

Valgarður Hilmarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis. Nefndin samþykkir byggingaráformin enda fellur byggingin innan ramma væntanlegs deiliskipulags á svæðinu.

7. Brennsluofn - Umsókn um byggingarleyfi - 1605027

Erindi frá SAH afurðum, óskað er eftir að skoðað verði sá möguleiki að koma brennsluofn fyrirtækisins fyrir á hafnarsvæðinu. Best væri ef hægt væri að nota steipt plan sem þar er.

Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir brennslugáminn á hafnarsvæðinu til eins árs. Brennslugámurinn skal staðsettur og frá honum gengið í samráði við byggingarfulltrúa. Stöðuleyfið gildir til 1. ágúst 2018.

8. Umhverfisviðurkenning - 1607004

Umhverfisviðurkenning árið 2017. Nefndin hefur skoðað og farið yfir þá staði sem koma til greina til að hljóta umhverfisviðurkenningu árið 2017.

Nefndin mun bóka niðurstöðu sýna á næsta fundi.

9. Brautarhvammur og gönguleið í Hrótey - Breyting á deiliskipulagi. - 1603014

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu mála. Lagt fram til kynningar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við Blönduós bær auglýsi deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsfulltrúi þarf að ganga frá undirrituðum gögnum til Skipulagsstofnunar áður en auglýsing er birt um deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.

10. Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. - 1510002

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu mála. Lagt fram til kynningar.

Skipulagsstofnun hefur samþykkt aðalskipulagsbreytinguna og hefur sent Blönduós bær undirrituð gögn ásamt auglýsingu sem send var til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

11. Skotæfingasvæði á Blönduósi - Deiliskipulag - 1609001

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu mála. Lagt fram til kynningar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við Blönduós bær auglýsi deiliskipulagið í B-



deild Stjórnartíðinda. Skipulagsfulltrúi þarf að ganga frá undirrituðum gögnum til Skipulagsstofnunar áður en auglýsing er birt um deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.

12. Deiliskipulag á Hnjúkabyggðarreit - 1702005

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu mála. Lagt fram til kynningar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við Blönduós bær auglýsi deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsfulltrúi þarf að ganga frá undirrituðum gögnum til Skipulagsstofnunar áður en auglýsing er birt um deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.

13. Húnavatnshreppur. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi. - 1707017

Erindi frá Húnavatnshreppi. Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, vegna fjölgunar efnistökuastaða, nýs verslunar- og þjónustusvæðiðs að Sveinsstöðum og nýs athafnasvæðis á Húnavöllum sent Blönduós bæ til umsagnar.

Nefndin samþykkir að taka á dagskrá erindi Húnavatnshrepps sem ekki var í útsendum gögnum.

Nefndin gerir ekki athugasemd við breytinguna á aðalskipulagi Húnavatnshrepps.

14. Sunnubraut 7. Umsókn um byggingarleyfi - 1707018

Erindi frá Gunnari Tryggva Halldórssyni, sótt er um byggingarleyfi til að breyta helmingi af bílgeymslu að Sunnubraut 7 í íbúðarrými. Meðfylgjandi eru teikningar unnar af Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt hjá Markstofu ehf. dags. 12. júlí 2017. Teikningar. 1.01-1.03 í verki nr. íb-17-25.

Nefndin hafnar erindinu þar sem gildandi deiliskipulag heimilar ekki þessa breytingu samkvæmt framlögðum gögnum.

15. Fyrirspurn. Nýtt iðnaðarhús við Húnabæ - 1703022

Erindi frá Stefáni Pálssyni, vísað til bóknar á 30. fundi nefndarinnar. Athugun hefur leitt í ljós að hægt verður að leyfa stofnun nýrrar lóðar og byggingu á atvinnuhúsnæði á svæðinu að undangenginni minniháttar breytingu á aðalskipulagi og grendarkynningu. Stefán Pálson hefur samþykkt að bera kostnað af nauðsynlegri skipulagsgerð og grendarkynningu.

Nefndin samþykkir að taka erindið á dagskrá þar sem það var ekki í útsendum gögnum. Nefndi samþykkir að gera óverulega breytingu að aðalskipulagi Blönduós bæjar þannig að ný lóð verði á athafnasvæði við Húnabæ ásamt þeirri lóð sem fyrir er.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50



Valgarður Hilmarsson

Jakob Jónsson

Guðmundur Sigurjónsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Bjarni Þór Einarsson

Þorgils Magnússon

Ágúst Þór Bragason
